

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 26. feb. 2015, kl. 17:30. Fundur, nr. 747
Mætt eru: Bjarnveig, Edda, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn. Forföll boðaði
Sigurður Eiríksson.

- 1) Bjarnveig setti fund kl: 17:30
- 2) Fundargerð fundar nr. 745 samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Fundargerð síðasta fundar.
 - i) Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- 4) Innsend bréf.
Samþykkt að fresta afgreiðslu innsendra bréfa til næsta fundar.
- 5) Ársþing UMSE.
 - a) Fyrirkomulag.
Framkvæmdastjóri sagði frá samskiptum sínum við Brynjar formann Hestamannfélagsins Funa varðandi fyrirkomulag og framkvæmd á ársþingi UMSE sem haldið verður 12 mars 2015, kl 18:00 í Funaborg. Hestamannfélagið Funi mun sjá um veitingar á þinginu. Farið var yfir dagskrá ársþingsins og hún samþykkt.
 - b) Tillögur fyrir ársþingið lagðar fram, kynntar og samþykktar af stjórn. Farið var ítarlega yfir rekstraáætlun sambandsins fyrir árið 2015 sem lögð verður fyrir ársþingið. Rekstraráætlunin samþykkt af stjórn. Samþykkt að leggja fram fjórtán tillögur fyrir ársþing UMSE.
 - c) Fulltrúafjöldi
Aðildarfélög innan sambandsins eiga fjörutíu fulltrúa á ársþinginu og stjórn UMSE á fimm fulltrúa. Framkvæmdastjóri hvatti stjórnarmenn til að hafa samband við formenn aðildarfélaga fyrir ársþingið.
 - d) Síðara fundarboð vegna ársþings UMSE lagt fram og samþykkt af stjórn.
 - e) Ársskýrsla UMSE
Bjarnveig sagði vinnu vegna ársskýrslu sambandsins ganga vel. Samþykkt að láta prenta eitt eintak af stefnumótunnarskýrslunni á hvert aðildarfélag.
 - f) Samskipti við Eyjafjarðarsveit.
Sambandið sótti um fjárhagsstyrk til Eyjafjarðarsveitar vegna kostnaðar við að halda ársþing 2015. Sveitasjórn Eyjafjarðar samþykkti beiðni sambandsins.
 - g) Gestir.
Sambandið hefur sent fulltrúum Eyjafjarðarsveitar, UMFÍ, ÍSÍ, Bústólpa og Búnaðarsambands Eyjafjarðar boð á ársþingið.
 - h) Heiðranir.
Samþykkt að heiðra þá einstaklinga sem hafa unnið vel að málefnum sambandsins á ársþinginu. Þorgerður yfirgaf fundinn.
- 6) Samningur við framkvæmdarstjóra
Þorsteinn yfirgaf fundinn undir þessum lið. Bjarnveig sagði frá fundi sem hún og Einar áttu með framkvæmdarstjóra vegna ráðningarsamning hans. Stjórnin samþykkti að laun framkvæmdastjóra fylgi launatöflu sveitafélaganna: BHM, Fræðagarður, verkefnastjóri tvö, launaflokkur 26 með 6% álag. Samningurinn verður afturvirkur frá 1 janúar 2015.

Samþykkt að Bjarnveig geri drög að nýjum ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra sem tekinn verður fyrir á næsta fundi.

7) Önnur mál.

Framkvæmdastjóri sagði að búið væri að panta skilti ,*Við erum öll til fyrirmyndar*, og mun skiltunum verða dreift til aðildarfélaga á ársþinginu.

8) Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 5. mars kl 17:30 Þorsteinn kemur með veitingar.

9) Fundi slitið kl. 19:52

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
